

From: Húsnæðisáætlanir - HMS
Sent: Mon, 18 May 2026 14:02:31 +0000
To: skeidgnup@skeidgnup.is
Subject: Yfirlit HMS vegna húsnæðis- og skipulagsmála
Attachments: HMS yfirlit - Skeiða- og Gnúpverjahreppur.pdf

Góðan dag,

Meðfylgjandi er yfirlit frá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun vegna stöðu húsnæðisuppbyggingar í sveitarfélaginu og verkefna sveitarstjórnar á sviði húsnæðis- og skipulagsmála.

Í bréfinu er meðal annars fjallað um niðurstöður árlegrar samantektar HMS á húsnæðisáætlunum sveitarfélaga, stöðu íbúðauppbyggingar og lóðaúthlutunar, auk þess sem vakin er athygli á þeim verkefnum sem nýkjörnar sveitarstjórnir standa frammi fyrir að loknum sveitarstjórnarkosningum. Þar á meðal er vísað til skyldu sveitarstjórna til að meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag og, eftir atvikum, svæðisskipulag í ljósi landskipulagsstefnu og annarra stefnumarkandi forsendna.

HMS hyggst á næstu misserum funda með sveitarstjórnnum um land allt til að ræða stöðu og áskoranir í húsnæðis- og skipulagsmálum og hvernig stofnunin getur stutt sveitarfélögin í þeirri vinnu.

Vinsamlegast komið bréfinu til sveitarstjórnar.

Kveðja / Best regards

Greiningar og áætlanir



Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400